

<b>Dags eftirlits</b>	27.5.2015	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	736509,507 500987,545

### Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

### Umfang eftirlits

Eftirlitið hófst á fundi og farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöð Olíudreifingar á Fáskrúðsfirði, farið yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar skráningar reyndust í góðu lagi. Geymar hafa verið botnþykktarmældir, lagnir þrýstiprófaðar og olíuleifar í fráveitu stöðvarinnar mældar. Allt reyndist í góðu lagi.

Þjónusta við olíuskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Þróarloki stóð opinn en var snarlega lokað. Þetta er áminning um að yfirgefa ekki olíubirgðastöðina án þess að yfirfara að allir lokar standi lokaðir eins og til er ætlast. Inndælinga-/tengislanga liggur út úr stöðinni framhjá áfyllingarplönnum. Samkvæmt rekstraraðila er hún óþörf og verður fjarlægð.

Girðingar og hlið voru í lagi.

Olíubirgðastöðin á Fáskrúðsfirði er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi og var vottunarúttekt síðast framkvæmd (BSI) í september 2014.

#### Frávik frá

ákvæði 2.4 í starfsleyfi um að lokar í frárennislögnum skuli standa lokaðir nema þegar hleypt er úr þrónum.

#### Lýsing á frávikum

Í eftirliti var tekið á loka í frárennsli á milli þróar um geyma og olíuskilju. Lokinn stóð opinn þvert á ákvæði í starfsleyfi. Lokanum var umsvifalaust lokað. Yfirfara skal verklagsreglur við rekstur stöðvarinnar.

## Ábendingar

Engin athugasemd var gerð við olfubirgðastöðina.

Reykjavík, 16.06.2015



---

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta





